

Laugardagur 27. janúar 1973 — 38. árg. 23. tbl.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar býður fram vegna náttúruhamfaranna:

Fjárframlög og aðstöðu

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert stórmannlega sam-

þykkt um aðstoð til Vestmannaeyinga, fjársöfnun og framlög, auk húsnæðis- og vinnuástöðu.

A fundi í bæjarstjórn Neskaupstaðar sem haldinn var í gær var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Vegna þeirra náttúruhamfara sem nú eru í Vestmannaeyjum og þeirra erfíðleika sem íbúarnir eiga við að glíma af þeirra völdum samþykkir bæjarstjórn Neskaupstaðar eftirfarandi:

1) Bæjarstjórnin kys á þessum fundi þriggja manna nefnd úr sínum hópi, auk bæjarstjóra, sem vera skal formaður hennar. Skál hún gangast fyrir almennri fjársöfnun í bænum bæði meðal almennings og fyrirtækja til styrktar Vestmannaeyingum. Skál nefndin þegar í stað leita samstarfs við þau félög í bænum, sem hún telur ástæðu til, og fara Frh. á bls. 15

Banaslys á Reykjanesbraut


Banaslys varð á Reykjanesbraut rétt eftir hádegi í gær, þegar fólksvagn lenti utan í vörubifreið á leið suður. Kona úr Hafnarfirði var undir stýri, og lézt hún samstundis. Þá voru þrjár konur með henni í bílnum. Voru þær allar fluttar á slysavörðstofuna. Areksturinn varð skammt fyrir sunnan Krisuvíkurvegamót.

Ólafur Jóhannesson um kröfu bæjarstj. Keflavíkur um brottflutning Kana úr bænum

Sjálfsögð og eðlileg

Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra efndi til fundar með fréttamönnum frá Norðurlöndunum í Stjórnarráðinu í gær í tilefni af atburðunum í Vestmannaeyjum.

Aðspurður kvaðst forsætisráðherra lita svo á, að krafa bæjarstjórnar Keflavíkur um að varnarliðsmenn rýmdu um 200 íbúðir í Keflavík fyrir Vestmannaeyjum væri sjálfsögð og eðlileg.



Reykjarmökkurinn frá gosinu í Heimaey sást vel í Reykjavík í gær. Þessa mynd tók Gunnar Steinn úr turni Landakotspítala í gær, og sést yfir höfuðborgina til Reykjamakkarins úr eyjunum.

Nýja hraunið úr ísúru blágrýti — eins og Hekluhraun

„Við gröfum upp hvert hús og reisum allt að nýju“ — segir ungur Vestmannaeyingur

Vilborg Harðardóttir, blaðamaður Þjóðviljans, símar frá Vestmannaeyjum kl. 8.30 í gærkvöldi:

Hraunið er seigfljótandi, segir Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur, og hefur lífið breytt, — aðeins lengt til austurs í dag, og telst jarðfræðingunum til, að hraunið þeki nú rúman ferkílómetra, og þar af er nýtt land rúmur helmingur. meðalrennsli virtist í fyrstu rúmir 100 rúmmetar á sekúndu, en dregið hefur úr því síðan. Þorleifur kvað

kynlegt, hve hraunið hefur runnið treglega, en þessa stundina eru þeir að gera efnagreiningu á því í raunvísindastofnuninni Sigurður Steinþórsson og Sveinn Jakobsson og eru bráðabirgðaniðurstöður þeirra, að hér sé um að ræða sérstaka gerð af blágrýti, svokallað Hawayit, sem svipar til hinna ísúru Hekluhrauna (andesit).

Vestmannaeyingar hafa orðið fyrir ómetanlegu tjóni við öskufallið í nótt, þegar tugir húsa

grófast á kaf, sum lögðust saman undan þunganum, en önnur brunnu. Er enda mikill óhugur í fólki hér í dag, og vilja flestir sem minnst tala um þetta. Þeir, sem hafa misst hús sín, yppa bara öklum og segja sem svo: — Það er að minnsta kosti gott að fá búslóðina út.

Þó hefur ekki öllum tekizt það. T.d. talaði ég við Stefán Jónsson, starfsmann Fiskimjólsværksmiðjunnar, þar sem hann hafði brotitzt inn um glugga á húsi sínu við Sudurveg 16, en það er að mestu í kafi. Þar hafði ekki verið búið að flytja dótú út, því að húsið hafði ásamt öðru við hlíðina gleymzt í nótt, og var hann að

reyna að taka það helzta. Næsta hús fyrir neðan var sigið saman og logaði í því.

En þrátt fyrir þungar búsfjar eru Vestmannaeyingar ekki á því að gefast upp. Þeir halda að visu í land um stund, en það sem ungur Vestmannaeyingur, Þorkell Guðfinnsson, sagði við mig í dag var


áriðanlega mælt fyrir munn margra:

— Þú skalt sjá það, að við komum aftur, og við gröfum upp hvert hús og hvern garð og reisum allt að nýju, sem hér hefur fallið. Við ætlum að halda áfram að vera Vestmannaeyingar.

Frh. á bls. 15

Um hálf tólf í gærkvöld símaði Vilborg að sétt hefðu gufustrókar rétt við flugbrautina, en ekki tókst að ná í jarðfræðinga til að fá frekari fréttir af þessu. Þá var verið að vinna við að setja járnplötur fyrir glugga á húsum vestan við neðri hluta Sudurvegs, en húsið við efri hluta götunnar eru flest komin á kaf.

Mjög mikið af fingerðri ösku leggur nú yfir bæinn, sagði Vilborg að lokum.



Eyjamen eru í algjöru bráðabirgða- húsnæði

Hver er staðan í húsnæðismálum Eyjamanna spyrja margir þessa dagana? Auk miðstöðvar Eyjamanna í Hafnarbúðum hefur Rauði krossinn sinnt því verkefni að útvega Eyjamönnum húsnæði. Þjóðviljinn hafi í gær samband við Björn Tryggvason hjá Rauða krossinum og spurði hann fyrst hvar Eyjamenn væru yfirleitt niðurkomnir.

— Þeir búa við algjört bráðabirgðahúsnæði sagði Björn. Í stuttu máli sagt erum við hér með 7-8 manns við að taka á móti tilboðum vegna húsnæðis og taka á móti óskum eftir húsnæði og koma þessu heim og saman. Það er alveg gígantískt álag á báða bóga, þó vantar stórléga húsnæði. Við erum nýbúinir að auglýsa í útvarpinu sérlega eftir húsnæði við útgerðarbæina austan frá Stokkseyri, út fyrir Reykjanes og inn á Hafnarfjörð því við finnum talsverður óskir hjá fólkinu að koma sér fyrir á svona stöðum. Það er náttúrulega atvinnulega heppilegt.

— Eru margir Vestmannaeyingar farnir út á land?

— Það er búið að fylla Ölfusborgir. Það er búið að fylla í Straumsvík, og það er verið að athuga með Munabarnes. Eg veit

ekki almennilega hvernig stendur með Munabarnes, Borgnesingar ætluðu að huga að því. Annars hefur enginn heildarsýn yfir ástandið.

— Veituz hversu margar umsóknir liggja hjá ykkur um húsnæði?

— Við erum með fullt borð af umsóknum, en það hefur ekki unnist neinn tími til að telja þær. Mikili af því húsnæði sem býst er hér upp við Elliðavatn, Farfluglaheimili og sumarhús og oft illa búið sumarhús, sem við getum ekki almennilega sent fölköið í. Það þarf að koma virkileg hreyfing frá fólkinu sem getur sinnt þeirri þörf sem á er um húsnæði, og ekki einvörðungu húsnæði, heldur þarf líka að koma til fólks sem getur látið eitthvað af innbúi, því Vestmannaeyingar þá það heitast að geta stofnað sitt eigið húshald.

Oft höfum við húsnæði til út hlutunar þar sem í vantar stóla, rúmstæði og fleira og fleira. Ur þessu þarf einnig að bæta. Nú bíða til dæmis 50-60 manns eftir því að fá fararleyfi til Vestmannaeyja til að bjarga því sem bjargað verður af busið.

Þó mikili sé að gera hér hjá okkur höfum við ekki þorað að auglýsa eftir aðstöð, því þá drukkum við í sjálfbobalibum. Hins vegar þiggjum við alla færa menn til starfa með okkur til að skapa það andrúmsloft, að almennir komist í samband við þörfina og hjálpið til að fullnægja henni.

— úþ

VIKU- SKAMMTUR



AF PRUMPI

„Heim er ég kominn og halla undir flatt, hausinn er veikur og maginn. Eg drakk mig svo fullan, ég segi það satt, ég sé hvorki veginn né daginn.“

Og einmitt í eitthvað svipuðu ástandi sté undirritaður útúr flugvélinni, sem hann kom með frá Færeyjum fyrir nokkrum dögum, eftir tveggja mánaða dvöl þar. Þó held ég að mér sé óhætt að segja að ég hafi verið í ögn betra ásigkomulagi en skáldið, mig minnir að minnsta kosti að ég hafi nokkurn veginn getað áttað mig á deginum og veginum, og eitt er vist, ekki fór milli mála að ég var kominn „heim í heildardalinn, kominn heim í leit að ró“ kominn heim í skaut fósturjarðarinnar frá frumstæðum eyjarskeggjum, sem byggja hina lítt byggilegu grjóthóla, sem kallaðir hafa verið Færeyjar, kominn inn í hámenninguna á Íslandi þar sem listin situr við pallskór menningarinnar í þeim stellingum að venjulegt fólk verður hálfheimið eða jafnvel flökurt.

Þó eru allmargir Íslendingar, sem ekki fá magapinu í návist menningarinnar og listarinnar, en það er ekki af því að maginn sé í svona góðu lagi, heldur kemur þar til að þær stóllur (menning og list) eru góðkunningjar þeirra, og sumir þeir allra gáfubustu eru komnir alveg inná garf og hafa kjörð sig sjálfa til að vera málsvara þeirra.

Mér varð það sem sagt á þegar ég kom heim úr flugferðinni, að skrufa frá útvarpinu og þá voru tveir Sjálfkjörnir að ræðast við. Þegar

ég var búinn að hlusta á umræðurnar í svo sem tvær mínútur, fékk ég svima, en síðan snarrann af mér, og var ég þó talsvert sloppaður fyrir.

Ekki man ég fyrir vist, hverjir hinir Sjálfkjörnu voru, enda skiptir það vist litlu máli, en það er eins og mig minni að samræðurnar hafi verið eitthvað á þessa leið:

A: Auðvitað eiga lífið sjálft og listin að haldast í hendur, að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt. Það mundi ég segja. En það gefur bara auga leið að slíkt er óhugsandi, því listin er eilíf, en maðurinn dauðlegur.

„Ars longa — Vita breve“.

Það mundi ég segja. B: Eg mundi nú segja, að maðurinn sem félagsvera gæti varla verið án þess að skapa list og njóta hennar í senn. — Það mundi ég segja.

A: Eg mundi segja að maðurinn sé ekki félagsvera, þá kenningu hefur Schopenhauer afsannað með öllu í riti sínu „Man und Tier“; það mundi ég segja. o.s.frv. o.s.frv.

Og nú er sem sagt snarunn af mér, þar sem ég sit við útvarpstækðið, nykominn frá Færeyjum, þar sem listin er afgreidd í söng og dansi, allir haldast í hendur, dansa færeyskan hringdans og syngja:

Ungir kallar, kátir kallar gangið útá golv dansið lystilig.

Í Færeyjum held ég að hugtakið „list“ sé tæpast til. Ef einhver er listfengur, þá þykir það bara sjálfsgat, mál að hann fái að stunda sína list, allir elska hann fyrir það, enda er mér næst að halda að allir elski alla á eyjum þess-

um. Eg er auðvitað ekkert að amast við því þótt menn skeggræði um bækur, myndir, leikrit, tónlist og hvað það nú allt heitir, en mér er lífins ómögulegt að þola fólk, sem slær sig til riddara með því að viðhafa háfleyga andagift, sem er, þegar öll kurl koma til grafar, ekkert annað en tómr þvættingur. Og þeim mun meiri sem þvættingurinn er, þeim mun gáfabrí á viðkomandi að vera.

Þetta kölluðum við á Langa barnum, þar sem ég er hálfalinn upp, PRUMP.

Sem sagt, nú er ég búinn að fá nóg af andagiftinni í útvarpinu, og nú er að skrufa frá sjónvarpinu.

Jú víti menn, það fer ekki milli mála, að maður er kominn í menninguna. Verið er að tala um að nú þurfi að stjórfjölgja í lögreglulíði borgarinnar. Mér var ekki ljóst þá þegar af hverju þessar umræður voru sprottanar, en fór þegar að hugleiða hvernig þessum málum væri háttáð í Færeyjum. Í þessa töu mánuði, sem ég var í Tórs haven, sá ég aldrei lögregluþjón utan einu sinni, að tveir lögreglumenn komu í öklubb, þar sem ég sat í góbra vina hópi. Menn urðu að sjálfsgöbu steini lostnir þegar verðir laganna birtust á þessum helga stað, en þegar til kom, þá voru þeir bara að leita að froskmanni, sem sat þar að sumblí, en þurfti að fara að kafa til að ná kaðaltrossu úr skipsskrúfu.

Já, það er mér óhætt að fullyrða, að fríðsamir eru Færeyingar.

Og þegar þeir ræða málið, er óhætt að ganga út frá því sem visu að sá þyki ekki gæddur mestu vitmununum sem talar PRUMP.

En því er þetta dæmi af Morgun blaðsöfverranum sett hér, að ljósari megi verða mismunur á viðbrögðum þeirra sem íslenzkir eru á sálinni og hinna sem liggja hundflatir fyrir erlendum valdi.

Meðan Keflvíkingar samþykka að flytja „björgunarlið“ burt úr byggðinni, sitja huldumenn Morgunblaðsins við ritvefir sínar og semja nið um þá sem leggja fram hugmyndir um lausn húsnæðisvanda þess fólks sem nú stendur á götunni. Vissulega sáu huldumennirnir og skildu hvað skrifad var, að ekki bæri að vanþakka það sem vel er

Frh. á bls. 15

úr og skartgripir
KORNELIUS JÓNSSON
skólavörðustig 8

HORN Í SÍÐU

Það bregzt hver við vanda eins og hann er maður til, stendur í góðri bók. Í sömu bók stendur einnig, að hjá ýmsum skjóti upp meira hugrekki og meiri mann-dómi þegar vandi stæðjar að, en hann áður hefur látið í skina að hann byggji yfir.

Bæjarstjórn Keflavíkur hefur brugðist við vanda þeim sem skapast hefur í Eyjum af myndarskap, sem hver Suburnesjamaður má vera stoltur úf. Með atkvæðum allra bæjarstjórnarfulltrúa var tekin ákvörðun um það að fara þess á leit við varnarmálanefnd að hún

hlutist til um að rýma húsnæði það í Keflavík sem Ameríkumenn búa í, og byggja það þess í stað veglausum Vestmannaeyingum.

Hjá okkur, sem þekkjum til bæjarstjórnarmanna í Keflavík, leikur ekki á tveim tungum að með þessu sýndu þeir meira hugrekki, meiri Íslendingslund, en þeir hafa áður sýnt í samskiptum við herliðið í Miðnesheiðinni.

Og ástæðan til þessa er augljós; það hefur skapast neyðarástand með þjóðinni, og ætlan Keflvík-inganna er að leggja sitt af mörk um til að leysa það, svo sömi sé að.

Þar hafa þeir vissulega vel að unnið.

En ekki eru viðbrögð allra sem enn telja sig til Íslenzka þjóðflokksins í þessa sömu veru. Við Abalstræti stendur höll mikil. Þar heita Morgunblaðshöll, en hana byggja menn, sem setja það ofar öllu að þjóna erlendum málstað,

málstað þess ríkis sem hefur geymda hermenn sína í Miðnesheiðinni. Til framdráttar þeim málstað beita hallarbrúar öllum tiltækum ráðum, en mikilvirkast þeirra er fals. Blabamenn í höllinni skrifa ekki málið sitt á eigin ábyrgð, heldur á ábyrgð þess sem þjónað er undir, og koma því aldrei fram í dagsljósið sjálfir, heldur skýla sér bak við nafleysi þegar vinnubrögð eru slík að ekki teljast til mannaþiða.

Einn slíkur nafleysingur sendir undirrituðum kvebjör í harkyrðardáldi Mbl. í gær, Staksteinum. Ástæðan er grein sem undirritaður birti í Þjóðv. á fimmtudag, þar sem imprað var á því að rýma húsnæði byggðum umhverfis herstöðina í Heiðinni, og litlilega rætt um björgunarstarf það sem unnið var við mannflytingana frá Eyjum.

Nafnleysinginn skrifar svo: „Þessi blaðamaður hefur nú tekið

sig til að gera lítið úr hjálparvarnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hann lætur m.a. í það skina, að „framlag hans hafi ekki skipt neinum sköpum við björgunarstarfið“, og er helzt að sjá, að það hafi verið hreinn óþarfi að kalla á aðstöð þeirra.“ (Lesendur eru beðnir velvirðingar á íslenzku þessarar tilvitnunar, en hún er beint eftir huldumönnum Mbl.)

Þetta er lítið dæmi um falsanir hallarbrúa við Abalstræti; setning úr samfelldu máli rifin úr tengslum við það sem á undan er farið og það sem á eftir fer. Á undan tilvitnun, sem huldumaður kallar úr skrifum undirritaðs, er rætt um að enginn skyldi ætla að ekki hafi orðið gagn af hjálpssemi hersins, en á eftir tilvitnun er skýrt tekið fram, að ekki beri að skilja skrifin á þann veg, að ekki eigi að þakka það sem vel er gert.

Þannig vinna hallarbrúarnir; ekki aðeins einn þeirra, ekki bara

FLOTBRYGGJUR Í ÞORLÁKSHÖFN?

Allt verði gert til þess að Eyjamenn sæki á eigin mið

Hér á höfuðborgarsvæðinu er mikil og góð aðstæða til þess að nýta afla Eyjabáta, — spurningin er, hvernig hægt er að koma afla þeirra með góðu móti til Reykjavíkur.

Frystihúsin hér í Reykjavík eru hvergi nærri nýtt til fullnustu, og mikið er hér af þjálfuðu og góðu vinnuafli fyrir frystihúsin.

Þá er vert að hafa í huga, að hér eru margir Eyjabáta í bráðabirgðahúsnæði, — sumir hafa reyndar fest sér íbúðarhúsnæði, og kæmi vel til greina að fullnýta frystihúsin betur, jafnvel vinna í þeim á vöktum daga og nætur.

Vitað er, að frystihús Júpíters og Marz er aðeins nýtt með 20% afkastagetu. Er það eitt af stærstu og bestu útbúnaðs frystihúsum í borginni.

Þegar togarar sigla með afla sinn, er frystihús BÚR aðeins nýtt með hálfum afköstun, og þá er Hraðfrystistöðin hvergi nærri nýtt til fullnustu á vetrarvertíðum. Er hún eign Einaris Sigurðssonar útgerðarmanns í Eyjum.

Löngum hefur vantað hraefni í frystihús SIS á Kirkjusandi og í Sjófang á Grandagarði.

Hraðfrystihús Ísbjarnarins á Seltjarnarnesi er líklega bestu nýtt frystihúsið hér á höfuð-

borgarsvæðinu, — vantar þó hraefni þar á stundum á vetrarvertíðum.

Húsmæðurnar í Kópavogi

Þá er vert að veita athygli framtaki Stefáns Péturssonar, útgerðarmanns frá Húsavík. Hefur hann rekið að undanförunu frystihús í Kópavogi og lætur aka aflanam úr bátunum eftir hinum nýja vegi frá Sandgerði til Kópavogs. Hönum finnst borga sig betur að treysta á þjálfad og gott vinnuafli húsmæðrana í Kópavogi en koma upp verubúarbyggingum og halda uppi aðkomukvenfólki í Sandgerði þar sem bátar hans hafa aðstöðu.

Gagnvart afla netabáta eru til hér á höfuðborgarsvæðinu afkastamiklar saltfiskverkunarstöðvar hvergi nærri fullnýttar yfir vertíðina. Þá hefur verið komið upp fullkominni tækni til þurrkunar og herzlu fisks.

Veigamikið atriði er að Eyjabátar geti sótt sín góðu mið yfir vertíðina og nýti þau eins og áður. Það er einkenni Eyjabáta að sækja mið vestur á bóginn framman af vertíð og leggja netin stundum á miðum er Grindavíkurbátar nýta á Selvogsbanka.

Þegar liður á vertíðina sækja bátarnir austur á bóginn og fjarlægjast verstöðvarnar á Suðurnesjum.

Flotbryggja í Þorlákshöfn

Einsýnt er að koma upp aðstöðu Eyjabáta í Þorlákshöfn, en þar er fyrir heldur þröng höfn og mikil ótrúð annarra báta á vertíðinni.

Það er ekki fjarri lagi að koma þegar upp bráðabirgðaaðstöðu þar á vertíðinni. Þjóðviljinn vill spyrja í þessu sambandi, hvort ekki megi koma upp flotbryggju til þess að leysa vandann fyrst í stað og greiða þannig fyrir lausn málsins.

Þá þarf að skipuleggja mikilvirka flutninga á fiskinum eftir göðum akvegum frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur, — hér ættu ekki að vera vandræði að fullvinnu fiskinn í verðmæta útflutningsvöru.

Brýn nauðsyn er að koma upp móttökuhöfnunum á Suðrströndinni fyrir neta- og línubátana og nýta hið góða akvegasamband á höfuðborgarsvæðið.


Það er ekki rétt að beina Eyjabátum allt of mikið frá gamalkunnun miðum Eyjasjómannanna, — bæta þeim við bátafloata annarra verstöðva og ætla þeim að veidda á miðum er þeir þekkja síður frá fyrri tíð.

Sigla trollbátar til Reykjavíkur?


Öðru máli gegnir með trollbátum Eyjamanna. Allt að 30% Eyjabáta stunda troll á vertíðinni og veidda þá gjarnan í is um borð í bátunum.

Það er ekki fjarri lagi að ætla þessum bátum að sigla til Reykjavíkur og njóta góðrar aðstöðu hér í Reykjavíkurhöfn. Hvergi fá Eyjabátar betri fagþjónustu á vertíðinni. Er þá átt við rafvirkja, viðgerðarþjónustu á siglinga- og fiskleitartækjum, velsmjúgur og bátavíðgerðir.

Þá er hverskonar aðstæða í



Hópur manna vinnur að því að koma veiðarfærunum fyrir í bátunum. Myndin er tekin í Eyjum í fyrradag. (Mynd HMM).



Flóttinn í Vestmannaeyjahöfn í fyrradag. Unnið er að því að koma veiðarfærum og öðrum útgerðarbúnaði um borð í skipin. Í baksýn reykurinn frá gosinu — ekki frá bræslunum eins og oftast áður. (Mynd HMM)

vesturböfninni hvergi nærri fullnýtt síðan Reykjavík varð stærsta verstöð á landinu, — áður en miðin á Faxalóa voru friðuð.

Hvað segir hafnarstjóri?

Hafnarnefnd Reykjavíkur hefur þegar samþykkt að veita Eyjabátum alla þá tiltæka aðstöðu, sem hægt er að veita hér í Reykjavík.

Það kom fram í viðtali við Gunnar Guðmundsson hafnarstjóra í gær, að hafnaryfirvöld hafa þegar sett sig í samband við oddmenn útgerðarmanna í Eyjum. Hafa Eyjamenn lýst því yfir að þeir óski helst eftir aðstöðu sunnan Reykjaness, — er þá átt við hafnarabstöðu.

Hins vegar er hægt að gera ráð fyrir, að bátarnir leiti hingað í landlegum, — enn fremur eftir hverskonar viðgerðarþjónustu á

vertíðinni, — einkum ef fjölskyldur sjómanna verða búsettir hér í Reykjavík í vetur.

Það var staddur hjá mér áðan útgerðarmaður í Eyjum. Það er ekkert efamað, að ég ætla að leita eftir viðskiptum við frystihús hér í Reykjavík.

Hef ekki ákveðið hvar þá verður ennþá, sagði þessi Eyjamaður við mig.

Frh. á bls. 15

Félagsheimilið undir skóla

Við erum allir af vilja gerðir að aðstoða Eyjamenn eftir föngum, sagði Svanur Kristjánsson, sveitarstjóri í Þorlákshöfn.

Höfnin hér er landshöfn og lýtur sérstakri stjórn. Heldur er hún þröng fyrir báta til þess að athafa við talið sjálfsagt að afhenda félagsheimili Ölfus-hrepps undir skólahúsnæði. Er það skammt frá Landi í Hveragerði. Er ekki langd að flytja börnin á milli. —g.m.

Hér hefur verið gerð bráðabirgðakönnun um húsnæði fyrir fjölskyldur Eyjamanna, — er hér erfið um húsnæði á vertíðum. Við höfum hins vegar bent á að hingað eru aðeins 30 km frá Ölfusborgum, — þá höfum við talið sjálfsagt að afhenda félagsheimili Ölfus-hrepps undir skólahúsnæði. Er það skammt frá Landi í Hveragerði. Er ekki langd að flytja börnin á milli. —g.m.

Samúð umheimsins

Ríkisstjórninni hafa borizt hluttekningarkveðjur vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum frá eftirtöldum ríkjum:

Noregi, Írlandi, Frakklandi, Sovétríkjunum, Þýzka alþýðulýðveldinu.

Ennfremur hafa borizt hluttekningarkveðjur og boð um aðstöðu frá eftirtöldum ríkjum:

Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Svíþjóð, Ísrael og Sambandslýðveldinu Þýzka-landi, svo og frá Lögþingi og landsstjórn Færeyinga.

Auk þess hafa borizt hluttekningarkveðjur frá mörgum einstaklingum víðs vegar að úr himinnum.

Austurhöfnin dýpkuð í Grindavík?

Hægt er að dýpka austurhöfnina og byggja þar trébruggju með litlum fyrirvara, sagði Eiríkur Alexandersson, sveitarstjóri í gær.

Þarna er aðeins um leirborinn jarðveg að ræða og myndi dýpkunarskipið Hákur geta gert þetta á skömmum tíma.

Fundur hafnarnefndar og hreppsnefndar var haldinn í fyrrkvöld í Grindavík og sagði Eiríkur að samþykkt

hæfi verið á þessum fundi ályktun þess efnis að gera allt sem mögulegt væri til þess að skapa Eyjabátum aðstöðu.

Við eigum hér 4ra ára áætlun um hafnargerð og er hægt að taka ýmsa líði út úr þessari hafnaráætlun og framkvæma með skömmum fyrirvara.

Einna erfiðast er að útvega fjölskyldum húsnæði hér vegna húsnæðisskortis. Hins vegar er pláss fyrir einstakl-

inga í verbúðum í nokkrum mæli, sagði Eiríkur.

Hins vegar er ekki langt að fara til Njarðvíkur eða Keflavíkur, ef sjómannaþjófskyldur fá þar inni í íbúðarhúsnæði.

Héðan eru gerðir út 50 til 60 bátar á komandi vertíð. Í góðu veðri hafa verið afgreiddir hér 106 bátar á sólarhring. Ef trébruggja er smíðuð í austurhöfninni og hún dýpkuð myndi það bæta verulega aðstöðuna. —g.m.

NÚ ER AÐ SAMEINAST

Vestmannaeyingarnir voru flestir þeirrar skoðunar í gær að nú væri séð fyrir endann á því að ekki yrði athafnalif í Eyjunum í vetur. Þessi ægilega niður-

staða hlýtur að snerta alla þjóðina djúpt, en þó sérstaklega Vestmannaeyingana sjálfa. En ekki er tími til þess að trega orðinn hlut; nú á öll þjóðin að snúa sér að því sem einn maður að leysa þann vanda sem einstaklingarnir í Eyjum og þjóðar-búið í heild hafa orðið fyrir. Íslendingar hafa áður mætt miklum áföllum en þjóðin

er nú sterkari en nokkru sinni fyrr til þess að axla byrðarnar strax, þannig að þjóðar-búið og Eyjamennt þurfi ekki um langan tíma að lifa fyrir afleiðingarnar af náttúruhamförumum í Vestmannaeyjum. Sameinumst til átaks! Nú má engum líðast sundrungartal. Við stöndum sameinaðir, en gætum fallið sundraðir.

HNEYKSLI Á HNEYKSLI OFAN

A dögnum var kveðinn upp dómur í bæjarþingi Reykjavíkur á þann veg að vita- og hafnarmálastjórn — með öðrum orðum sjóðum þjóðarinnar — er gert að greiða um 200 milljónir króna í skaðabætur vegna mistaka við hönnu á höfninni í Straumsvík. Þar með er nú farinn bróðurparturinn af margrómuðum hagnaði sem þessi höfn átti að veita og augljóst að við hefðum betur byggt okkar eigin höfn sjálfir á eigin spýtur.

Þetta eru ekki fyrstu mistökinn sem koma í ljós í sambandi við álverið í Straumsvík, raforku til álversins og raf-línur. Ekki eru margir dagar síðan rafmagnsskömmun varð á Suð-Vesturlandi vegna þess að staurar gáfu sig og strengir slitnuðu í Búrfellslínu hinna fyrri. Þá var því haldið fram að þessi lína væri þó jafnstærk Sogslinunni. Síðar — löngu síðar — og þvert ofan í fullyrðingar ráðamanna Landsvirkjunar — kom í ljós að hér var alls ekki rétt með farið. Búrfellslína fyrri þolir ekki vírslit við mestu ísingu og veðurálag, og er línan ekki hönnuð með það fyrir augum. Þessi niðurstaða hlýtur

að hafa það í för með sér að gera verður ráðstafanir sem tryggja, að slíkt geti ekki komið fyrir aftur; rafmagnsleysi á þéttbýlissvæðinu er ákaflega slæmt, að ekki sé sagt beinlínis hættulegt.

Nú, en ekki er öll sagan sögð. Þegar fyrri línan fór um jólaeytið var sagt, að senn kæmi að því að Búrfellslína hin síðari yrði komin í gagnið og hún ætti að geta orðið varalína ef fyrri línan skemmdist. Nú kom seinni í ljós að síðari línan, Búrfellslína II, hafði ekki traustari undirstöður en svo, að steinsteypan, sem átti að festa stálturannana, tók að renna út í mýrarnar í Flóanum og turnarnir sigu á þriðja metra niður í mýrina! Þar með varð að gera bragarbót á þeirri línu og stálturanna - undirstöðunum, sem kosta ómældar upphæðir. Í því tilvikum í síðari vegar svo vel til, að verktakarnir eru hér ennþá og eiga sjálfir að borga skaðann, en það tefst enn um nokkurt skeið að raflinan komi að gagni.


En ekki er raunapistill þessi enn allur. Sjálfur sölusamningur raforkunnar til svissneska álhringsins er enn eitt

hneykslið. Þar var samið um allt of lágt verð fyrir raforkuna til hringsins, þannig að ætlað hefur verið að við töpuðum 5 milljörðum króna á samingstímabilinu! Að auki er þannig frá samningum gengið við svissneska auðfélagið, að þar kemur ekki til nein aðild Íslendinga um eign og þar með raunveruleg yfirráð. Og loks er þess að geta, að samningurinn gerði ekki ráð fyrir því í upphafi, né fyrirmæli íslenskra stjórnarvalda að heldur, að í Straumsvík þyrfti að setja upp hreinsitæki til þess að eyða þeirri mengun sem sífellt ógnar lífríki í grennd álverksmiðja. Við athugun kom fram að álverksmiðjan í Straumsvík var sú eina sinnar tegundar í heiminum sem ekki hafði hreinsitæki!

Þannig er hneyksli á hneyksli ofan í sambandi við álverksmiðjuna í Straumsvík og raforkusölusamninginn; því er á þetta minnst hér, að þjóðin hefur ekki efni á því að eyða hundruðum milljóna og milljörðum í ævintýramennsku. Hún þarf á öllu sínu að halda til þess að unnt sé að lifa mannsæmandi lífi í þessu landi. Til þess eru vitin að varast þau, og vonandi er tryggt, að hneykslissaga Straumsvíkur-málsins endurtaki sig ekki á Íslandi.



Eins og myndirnar sýna var strax fjölmenni að fá lánaðar bækur og skóða. (Ljós m. sj.)



safnið við opnun þess og hófst útlán þegar af fullum krafti eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Borgarbókasafnið opnar Bústaðaútibú í kirkjunni

Í kjallara Bústaðakirkju var í gær opnað nýtt bókasafn á vegum Borgarbókasafnsins. Safnið hefur þarna um 400 fermetra húsnæði. Rúmgóð útlánsdeild er þarna fyrir fullröðna og sérstök barnadeild með lesstofu og bókaútláni fyrir börn. Auk þess er fyrirhugað að hafa í safninu hljómlistardeild með hlustunarmöguleikum á staðnum, en útlán á hljómplötum er ekki fyrirhuguð að sinni, sagði Eiríkur Hreinn forstöðumaður Borgarbókasafnsins.

Unnið að teikningu nýs aðalsafns

Bústaðarkirkja hefur leigt

bókasafninu húsrýmið og er húsaleigan greidd fyrirfram, um 4 milljónir króna, og hefur það fé farið í standsetningu húsrýmisins. Fyrirkomulag innréttinga var ákveðið í samráði við arkitektana Gunnlaug Halldórsson og Guðmund Kr. Kristinsson, en þeir

vinna nú að teikningu aðalsafnsins fyrir Borgarbókasafnið sem verður í hinum fyrirhugaða miðbæ á horni Miklubrautar og Kringlumýrabrautar að því að Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri upplýsti.

Fjöldi manns heimsótti bóka-

Nýja hraunið

Framhald af bls. 1

Hannibal og Magnús Kjartansson í Eyjum

Hingað komu í dag tveir ráðherrar, þeir fyrstu, sem hingað koma til að kynna sér ástandið með eigin augum, þeir Hannibal Valdimarsson og Magnús Kjartansson ásamt flugmálastjóra. Skoðuðu þeir verksummerkin frá í nótt og gosið bæði norðan frá og sunnan. Rignði yfir þá gjalli og vikri við Kirkjubæjarkverfði, svo að þeir fengu af því nokkra nasa-

sjón, hvað á hefur gengið undanfarinn sólarhring.

Gosið er minna nú en í nótt, og hefur dregið úr gjallframleiðslu, eins og Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur orðaði það í viðtali við Þjóðviljann nú rétt áðan. Tveir nýir gígar hafa myndast beggja megin við aðalgígginn, og gjósa báðir ósku.

Gigbarmarnir 30—60 m. háir

Í nótt náðu kvikustrókararnir úr gígnum sennilega um 200 metra hæð, en nú í kvöld um 50 metrum. Gigbarmarnir eru á að gízka 30—40 metra háir að vestan miðað við

umhverfið, en 50—60 metra háir að austan.

Fyrirbrigðin við Oddsstaði í gær, þar sem mörgum virtist vera að byrja gos, er þeir sáu bláa blossa þar um 6-leytið reyndust ekki eins alvarleg og menn óttubust.

Sagði Þorleifur, að þar muni sennilega hafa streymt gosgufur úr jörðu, utan hraunjabarins, við bruna hreins vetnis í andrúmsloftinu. Reykinn á Bústaðatúninu áleit hann hafa stafað af hraunkúlum, sem farið hefu niður í gegnum vikurlagið og kveikt þar í sínu, sem síðan hefði rökkið úr. — Mesta hæð gosmakkarns hefur orðið 9—10 km.

10,4 bækur á hvern borgarbúa

Bókakostur þessa nýja safns er 41 þúsund bindi það er til marks um hve starfsemi Borgarbókasafnsins hefur aukizt síðustu árin, að í fyrra lánaði safnið 865 þúsund bækur, eða um 10,4 bækur á hvern borgarbúa.

Bókakostur allra deilda og útibúa Borgarbókasafnsins var um síðustu áramót samtals 205 þúsund bindi.

Seltirningar

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps 24. janúar s.l.: „Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps sendir bæjarstjórn og íbúum Vestmannaeyja samúðarkvefju vegna þeirra alvarlegu alburða sem þar eru að gerast. Æðruleysi fólksins, yfirvegub framkoma þess og fars, björgun, vekur hvarvetna óblandna virðingu og aðdöun. Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps býður fram alla þá aðstoð, sem hreppsfélagið er fært um að veita.“

Mörg hús sokkin í viku



Þetta er ein af ótalmörgum ómurlægum myndum sem blasa við augum í Vestmannaeyjum þessa dagana: brunnin hús og ónýtt — og Eyjabúar leita sér að samastað á öðrum hlutum þessa lands. — (Mynd v.h.)



Það er ys og þys við höfnina. Þessi



Forseti Íslands, kr. Kristján Eldjárn, brá sér til Vestmannaeyja í fyrradag eins og greint var frá í blaðinu í gær. Þessa mynd tók v.h. er forsetinn kom á flugvöllinn og bæjarstjórinn Magnús Magnússon tekur á móti forseta.

Vilborg Harðardóttir, fréttamaður Þjóðviljans slmáði frá Vestmannaeyjum kl. 3 í gær:

Pompei var það orð, sem fyrstkom í huga mér, þegar ég gekk í morgun áleiðis að gosstöðvunum og virti fyrir mér þá hræðilegu eyðileggingu, sem vikur- og öskufallið hafa valdið í nótt. Milli 15 og 20 hús hafa brunnið til grunna í nótt, þar á meðal Oddsstaðir og öll nýju húsin næst Kirkjubæjarhverfinu.

Stórt hverfi í suðausturhluta bæjarins er bókstaflega á kafi í vikurdyngjunum, tugir húsa alvegkomnir í kafi, eða rétt mánarnir standa upp úr og jafnvel hundruð húsa á kafi að hálfu.

Engin orð lýsa þeim dapurleika og klökkva, sem þessi sjón vekur. Fram að þessu höfum við fylgt með því, hvernig eitt og eitt hús hefur orðið eldinum að bráð en hér sjáum við, hve stórvirk náttúruöflin geta verið á einni svipstundu. Rafmagnsliður og símalínur hafa sligast undan þunganum og liggja nú víða beint ofan í jörðina.


Ófært er flestum bílum

Í tveim húsum, sem voru að mestu leyti í kafi, hafði kviknað annað hvort út frá heitum vikri eða slitnum rafliðum, og kom reykurinn upp úr vikrinum undan rjáfrum. Enginn veit úr hve mörgum þessara húsa búið var að bjarga húsmunum og öðrum eignum folksins, en alls staðar annars

staðar var fólk á hraðri ferð með töskur, poka og pinkla í höndunum, því að víðast er ófært fyrir bíla, aðra en þá, sem hafa drif á öllum hjólum.

Mjög er misjafnt, hverju fólk tekst að bjarga. Sumir hafa getað

hlaðið heilu bilfarmana, en aðrir rétt náð í sængurfötin sín, eins og til dæmis Sigfús Kristjánsson, gamall maður, sem ég mætti. Hann tók það, sem hann gat borið af sængurfötum, en sagðist ekki treysta sér aðra ferð. Það erlangt




Tveir ráðherrar brugðu sér til Eyja í gær. Myndina tók v.h. Frá vinstri: Magnús Kjartansson, Hannibal Valdimarsson og svo Þorleifur Einarsson jarðfræðingur, sem segir ráðherrum tíðindi.

„Fólk á hraðri ferð með töskur, poka og pinkla“

ir og 15—20 brunnin



mynd er tekin þegar unnið er við lestun á bílum, farangri, húsgögnum og öðru í Hekluna. (Mynd v.h.)



Vörubifreið á kafi í hrauni og vikri. (Mynd HMH)

að ganga frá Friðarhöfn og austur í bæ, ekki sízt með byrðar. Engilbert, sonur Þorbjörns bónda í Kirkjubæ, var einnig að byrja að bjarga úr húsi sínu. Það er að visu ekki mjög austarlega, en ef vikurfallið heldur áfram er

aldrei að vita hvað gerist. Hann byggði húsið sitt fyrir tveim árum og hafði engu bjargað enn, því að hann þurfti að aðstoða við björgun frá Kirkjubæ og slátrun gripanna hjá föður sínum og bróður. Heklan kom á ytri höfnina í

nótt, en ekki inn á innri höfnina fyrr en í morgun vegna vikurfallsins. Hún var að fara í land aftur rétt í þessu. Einnig mun Herjólfur koma með fólk og flytja það svo í land aftur síðdegis.

Öllum skipað í land nema hjálparsevitum

Öllu fólki hefur verið fyrirskipað að fara með skipinu í land og hafa lögregla og hjálparsevitir verið á ferð hér um allar götur til

að reka á eftir því. Engir fá að vera eftir nema um 100 manns, en það eru þeir sem hér segir: sveit, sem sér um flutninga á innbúum úr húsum sem næst eru eldstöðvunum, sveit sem sér um eftirlit

Frh. á bls. 15

Um 100 Eyjamenn sækja nauðsynjahluti sína

Um kl. 14.30 í gær lögðu um 100 Vestmannaeyingar af stað frá Bifreiðastöð Íslands til Þorlákshafnar og þaðan til Eyja. Ekki þykir ástæða né tími til að taka allt innbú úr húsum heldur aðeins það helzta sem hver og einn á. Þeir menn sem eru í Eyjum munu sjá um að taka húsgögn og aðra innanstokksmuni úr þeim húsum er kunna að vera í mestri hættu.

Við tókum nokkra Eyjamenn tali í gær:

Tek aðeins helztu smáhluti

Karl Sighvatsson var að leggja af stað frá BSI í gær og sagðist hann aðeins taka helzta smádot þar eð hús hans er enn ekki í teljandi hættu þó það sé í austurhlutanum. Hann býr í Brimnesi við Bakkastíg og reiknar með að með sama hraða hraunstraumsins geti húsið ekki orðið undir á næstunni.

Karl hugðist sækja myndasafn sitt, sem er nokkuð stórt, og einnig ætlaði hann að taka með sér þær bækur sem hann hefði pláss fyrir. Ef svo kynni að fara að hraunstraumurinn næði húsinu mundu björgunarmennirnir í Eyjum fjarlægja öll verðmæti úr því.

Bróðir Karls, búsettur á

Seltjarnarnesinu, hljóp undir bagga með honum og hýsir hann til bráðabirgða svo að húsnæðisvandræði herja hann ekki í bráð.

Náði ekki einu sinni bleyjum á ungarbarnið

Una Ellasdóttir komst snemma burt frá Vestmannaeyjum eftir að gosid byrjaði, eða með öðrum bátnum sem lagði af stað þaðan. Baturinn kom til eyja um svipað leyti og Surtsey gaus og var skírður eftir henni, heitir Surtsey og er því öllu vanur.



Una Ellasdóttir — ekki einu sinni bleyjur á ungarbarnið komust með.

Una er fjögurra barna móðir, það yngsta er nokkurra mánaða en hún elzta 14 ára. Svo mikill var flytjinn niður að höfn að ekki gafst henni tími til að taka svo mikið sem bleyjur á yngsta barnið. Þó sagðist hún hafa náð með sér tölurverðu magni af skjólfötum, og hennar fjölskylda var því tiltölulega vel sett á leiðinni til lands.

Þess má geta að kona nokkur hljóp út á nælonslopp einum klæða og lá þannig búin á dekki eins bátsins alla leið til Þorlákshafnar, eða í um 5 tíma. Að visu fékk hún ábreiðu yfir sig þó má ímynda sér kuldann og vösbúðina hjá því fólki sem þannig stóð á fyrir.

Búum okkur undir langa dvöl hér á meginlandinu

Þannig fórust þeim Jóni Ólafssyni og Hrefnu Sighvatsdóttur orð, er þau hoppuðu inn í langferðabil á BSI í bæ. Þau búa í miðbænum og fá þess vegna ekki að hreinsa húsgögn út núna, enda ekki ástæða til. Þau komu með bát fljótlega eftir að gosid byrjaði, höfðu nægan tíma til að klæða sig vel og búa 3 börn sín undir vösbúðina sem framundan var. Ekki tóku þau þó teljandi smádot með sér þá, en hugðust sækja það nú. Þau búa hjá foreldrum Jóns um stundarsakir, en Jón, sem er lögfræðingur, er þegar farinn að leita sér að íbúð og vinnu og býr sig undir langa viðstöðu „á Íslandi“.



Jón Ólafsson og Hrefna Sighvatsdóttir — leita nú að íbúð og starfi og búast til langdvalar á "Íslandi".



Karl Sighvatsson — tekur aðeins smæztu nauðsynjahluti. Hjá honum stendur Sigurjón Jónsson.



TBR-mótið í badminton fer fram á morgun, sunnudag

Allir beztu badmintonleikarar landsins meðal þátttakenda



Haraldur Kornelíusson

A morgun kl. 12.30 hefst í Laugardalshöllinni opið badmintonmót á vegum TBR, og er þetta fyrsta badmintonmótið á þessu ári. Meðal keppenda verða allir beztu badmintonleikarar okkar, en keppt verður í einliðaleik karla og kvenna. Í kvennaflokki er aðeins keppt í A-flokki, en í karlaflokki verður keppt í mfl. A- og B-flokki.

Í meistaraflokki verða 20 keppendur. Er það eftirtaldir menn og leika saman í fyrstu umferð 1 og 2 3 og 4 — 5 og 6 osfrv.:

1. Sigurður Haraldsson T.B.R.
2. Hængur Þorsteinsson T.B.R.
3. Björn Arnason T.B.R.
4. Friðleifur Stefánsson K.R.
5. Steinar Petersen T.B.R.
6. Garðar Alfonsen T.B.R.
7. Jón Gíslason T.B.R.
8. Magnús Magnússon T.B.R.
9. Páll Ammendrup T.B.R.
10. Reynir Þorsteinsson K.R.
11. Óskar Guðmundsson K.R.
12. Þór Geirsson T.B.R.
13. Jóhann Möller T.B.R.
14. Hörður Ragnarsson I.A.
15. Leifur Gíslason K.R.
16. Jón Arnason T.B.R.
17. Viðar Guðjónsson T.B.R.
18. Helgi Benediktsson Val.
19. Jónas Þ. Þórisson K.R.
20. Haraldur Kornelíusson T.B.R.



Sigurður Haraldsson

Hin nýja landsliðsnefnd HSÍ hefur valið fyrsta liðið

A miðvikudaginn kemur verður pressuleikur í handknattleik í Laugardalshöllinni. Í því tilefni hefur hin nýja landsliðsnefnd HSÍ valið fyrsta landsliðið og er það þannig skipað:

Markverðir:

Hjalte Einarsson FH
Birgir Finnbogason FH
Aðrir leikmenn:
Geir Hallsteinsson FH
Auðunn Óskarsson FH
Sigurbergur Sigsteinsson Fram
Björgvin Björgvinsson Fram
Axel Axelsson Fram
Ólafur H. Jónsson Val
Gunnsteinn Skúlason Val
Agúst Ógmundsson Val
Einar Magnússon Víkingi
Guðjón Magnússon Víkingi.


Íþróttafélagmenn munu velja sitt lið á sunnudaginn, en eins og á landsliðshópinum sést hafa blaðamenn úr stórum hópi góðra handknattleiksmanna að velja. Pressuliðið verður tilkynnt í fjölmiðlum á þriðjudaginn kemur.

Pressuleikurinn er prófaun landsliðsins fyrir landsleikina við Sovéttmenn í byrjun febrúar. Ekki er átrúlegt að einhverjir pressuliðsmanna



Guðjón Magnússon hefur nú í fyrsta sinn verið valinn í landsliðið og ekki vonum fyrr.

ÍBV boðin aðstaða til æfinga hjá Val Geta fengið velli, íþróttahús og skrifstofu félagsins til afnota




Knattspyrnufélagið Valur hefur boðið ÍBV full afnot af knattspyrnuvöllum sínum, íþróttahúsi og skrifstofum meðan Vestmannaeyingar verða að dvelja hér syðra. Þetta var samþykkt af stjórn félagsins í fyrradag og Vestmannaeyingunum þegar tilkynnt þetta.

Knattspyrnuáhugamenn velja nú mjög fyrir sér framtíð hins frábæra ÍBV-liðs, sem, með fullri virðingu fyrir öðrum liðum, bar af í íslenskri knattspyrnu í fyrirasumar og varð númer 2 í 1. deildarkeppinni og síðan bikarmeistari KSÍ.

Ef Vestmannaeyingar þurfa

að dvelja hér á landinu mánuðum saman, geta þá ÍBV-leikmennirnir haldið hópinn og æft hér í Reykjavík þótt aðstöðuna vanti? — Að sjálfsögðu vona það allir, enda væri það óþætanlegt tjón fyrir íslenska knattspyrnu ef þeir geta það ekki.



komist í landsliðið, standi þeir sig vel, enda eru menn í landsliðinu sem standa nokkuð tæpt.

Það vekur athygli, að þeir Ólafur H. Jónsson og Agúst Ógmundsson eru valdir í landsliðið, þótt þeir gefi ekki kost á sér til landsliðsæfinga fyrr en Íslandsmótinu er lokið.

Skíðamótin að byrja

Tvö fyrstu skíðamótin sunnanlands háð um helgina

Að öllu forfallalausum verður Müllers-mótið, sem frestað var um daginn, haldið á laugardaginn 27. 1. 1973 kl. 2, við Skíðaskálann í Hveradölum. Nafnakall kl. 1., á sama stað. Það skal tekið fram að allir keppendur í Müllersmótinu verða að vera 17 ára og eldri.

Nafnakall kl. 1. við Skíðaskálann; mótið byrjar kl. 2. Keppt verður í eftirtöldum flokkum: 8-14 ára 1 km, 15-19 ára 3 km, 20-40 ára 3 km, 41 árs og eldri 2 km; keppendur eru beðnir að meta vel og stundvíslega. Í þessu móti þarf tilkynning að vera komin til gjaldkera Skíðafélagsins, Ellenar Sighvatsson, á föstudaginn 26. 1. 1973 fyrir kl. 12 á hádegi í síma 19931 eða 13171, Lækjargötu 2, 3 hæð.

Mótstjóri á Müllersmótinu er formaður Skíðafélags Reykjavíkur Leifur Müller. Mótsstjóri á göngumótinu er hinn þekkti siglirzki skíðakappi Jónas Asgeirsson.

Fyrir göngumótið er keppendum bent á að nota eingöngu létt skí. Allar upplýsingar um þessi mót verða gefnar í Skíðaskálanum í Hveradölum fyrir hádegi báða keppnisdaga.



Æfingagöngumót Skíðafélags Reykjavíkur (karla og kvenna) verður haldið á sunnudaginn (28. 1. 1973).

Umsjón: Sigurdór Sigurdórsson.

Hjörtur

Framhald af bls. 4.

kaupfélagið sé að sjálfsgöðu ekki allt í öllu, sem betur fer, það væri varla höllt ástand. Eigi að síður á Dalvík við sin vandkvæði að stríða, sem hver algeng sama eðlis og áæskir aðra sambærilega staði á Íslandi, einkum á Norðurlandi. Atvinnulíf er ekki nú fjölbreytt, atvinnu ekki nógu stöðug og örugg. Annað vil ég nefna, sem á vissan hátt er þessu tengt. Það er burtstreymi menntaða hluta unga fólksins. Þar á Dalvík um sárt að binda ekki síður en önnur sjávarþorp svo ekki sé minnzt á sveitirnar. Þar er með réttu hægt að tala um arðran og blóðtöku. En það er ekki Akureyri, „hófuðstaður Norðurlands“, sem rennir aðrinum eða sygur blóðið. Því miður, liggur mér við að segja. Það væri til muna létta að sætta sig við stöðugt burtstreymi menntaða og oflast um leið hæfileikamesta hluta æskunnar, ef straumurinn stöðvaðist hérna inn við fjardarbotninn. En það vita allir, að þar setjast ekki ungu mennirnir okkar að, ekki einu sinni hjá KEA, þó all þess sé mikið. Það er þágraflétt fyrir stað eins og Dalvík sem sannarlega þarf á að halda öllum hæfileikum barna sinna, hugkvæmni og framtaki, að verða jafnt og þétt á bak að sjá því unga fólki, sem hlotið hefur mesta hæfileikana til að láta til sín taka og a.m.k. mesta menntunina hvað sem hæfileikumun lúður. Það, sem stað eins og Dalvík skiptir svo feykimiklu máli, er einmitt þetta: ungt vel menntað fólk með hugkvæmni til að sjá nýja möguleika bæði á sviði menningar- og atvinnumála og framtak til að gera hugmyndir að veruleika. Það er alveg víst, að fátt eða ekkert gæti gerzt heilvænlegra fyrir stað eins og Dalvík heldur en það, að sá skilningur gæti fest rötur í hugum þess unga fólks, sem getur og vill aflika sér góðrar menntunar, að markmið þeirrar menntunar eigi ekki sízt að vera það, að gera það síðar meir færara um að efla heilbriggt menningar- og athafnalíf í sinni heimabyggð.

Guðlaugur Arason er einn hinna fjölmörgu, sem lagt hafa á menntabraut á undanföllum árum. Hann er ennþá ungur og óskrifad blað í þeim skilningi, að enginn veit með neinni vissu, hvað í honum kann að búa eða að hvaða gagni hann kann að verða sinni heimabyggð. En þeir, sem þekkja fólk hans hér, hljóta að ætlast til mikils góðs af honum. En það ætla ég að vona, að þegar bæði hann og aðrir ungrir Dalvíkingar koma aftur heim með menntun sína og löngun til dáða, að þá láti þeir sér detta eitthvað annað fyrr í hug til hagsbóta fyrir sitt heimafolk heldur en að ná undir sig hinum traustu þjóðþrifafrirtækjum kaupfélagsins, sem starfað hafa við góðan orðstír áratugum saman. Eg held ég hljóti að geta talað fyrir munn allra Dalvíkinga og annarra Svartdæla, þegar ég segi, að við vonumst eftir að sem flestar komi heim, sem hafa aflað sér góðrar og hagnýtrar mennt-

unar á einhverju sviði, og þegar þeir koma heim, að þeir snúi sér að því að efla menningarlíf og atvinnuliíf á Dalvík með því að hjálpa til við að koma upp nýjum atvinnugreinum, nýjum heilbrigðum frirtækjum við hlöðina á gömlum heilbrigðum stofnunum Kaupfélags Eyfirðinga og annarra.

Með þökk fyrir birtingu,
Hjörtur E. Þórarinnsson

Skinner

Framhald af bls. 7.

EN AÐ ODRU LEYTI er óbragð af kenningum Skinner, sem leiðir hugann að hamingjuþüllu þeim, sem rennir persónur vísindaskáldsagna voru látnar éta þegar fyrir fjórútu árum. Þetta sýnist einkennilega vélræn skynsemdarhyggja sem er blind á litauði mannleiksins, dásamlegan fjölbreytileika þess. Svipuð áráttá þjarkar til dæmis þá menn, sem halda að mannkyndi verði mun salla ef smáþjóðir kasti fyrir röða tungum sínum. Og eins og oft er um altækur kenningar, þá bilar Skinner á háa C. Hann er spurður að því, hver eigi að akveða hvað er gott og hvað vont í fyrirmyndarsamfélagi hans. Hann svarar: það verða vísindamennirnir að gera. Það litur kannski ekki illa út við fyrstu sýn að taka völdin frá stórframlæidendum og um leið störaglýsendum, sem akveða öllum fremur hvað fólk finnst eftirsóknarvert og hvað ekki. Eða þá frá flokksstjórn sem báðar sig í eftirlitslausu sjálfshóli. En fyrri villur eru ekki til þess framar að visa mönnum á nýjar. Nú á dögum, þegar vísindamenn hafa buið til atómBombuna, bensínhlauðið, plastfílaþrengrunnar og eru farnir að fíkta við erfðastofnana er vísindamaðurinn sem valdhafi ekki síður hrollvekjandi en allir Stórubræður staðleysuskáldsagnanna.

Arni Bergmann.

Horn í síðu

Framhald af 2. síðu.

gert af herliðsins hálfu, enda var það ekki það sem þeir voru að skrifa á móti, og ekki þess vegna sem þeir fölsudu tilvitnunina; það var hugmyndin um að flytja Kanada burt úr byggðinni sem lagðist svo þungt á sálina, þess vegna er nú þeirra einnig atlað Keflvíkungum, og það veit ég að þeir muna þeim. En vel á minnt. Hver verða viðbrögð huldudrengja og aurausara við þeirri hugmynd, sem stöðugt vex fylgi dag frá degi og verða kann að þjóðarvakningu, að fyrst Bandaríkjamenn vilji veita okkur hjálpa, því skyldu þeir þá ekki veita okkur þá hjálpa í þessari neyð, sem mest væri um vert: AD YFIRGEFA HERSTÖDINA OG EFTIRLATA

Þökkum af heilum hug samúð og vináttu við andlát og útför konu minnar, móður, tengdamóður og ömmu

SIGURBORGAR AGÚSTSDÓTTUR

Höfn, Hornafirði.

Guð blessi ykkur öll.

Runólfur Bjarnason
börn, tengdabörn og barnabörn.

Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

SKÚLI ÞORSTEINSSON

fyrirverandi námsstjóri Austurlands,

andaðist að heimili sínu Hjarðarhaga 26 fimmtudaginn 25. janúar 1973.

Anna Sigurðardóttir

Þorsteinn Skúlason
Asdís Skúladóttir
Anna Skúladóttir
Móeður Anna Sigurðardóttir

Sigurður Lúdvígsson
Sigurður Jónsson

ÞORPIÐ Í HEIÐINNI VEGLAUSUM EYJAMÖNNUM. Úr Miðnesheiðinni er stutt til allra helztu verstöðva á Reykjanesi, til Hafnarfjarðar og til Reykjavíkur, og í Heiðinni er 5000 manna þorp með allri þjónustu sem til þarf til mannabyggðar, skólum, sjúkrahúsum, verzlunum og að sjálfsgöðu íbúðarhúsum. Þyrgefinn herstöð væri vissulega best framlag Bandaríkjamanna að dómi undirritaðs. En hver skyldi vera dómur hallarmanna við Aðalstræti þar um; er kannski einhvers misst, huldudrengir?

Flotbyggja

Framhald af bls. 3. Hafnarstjóri kvað vera til áætlun um uppbyggingu fiskihafnarinnar hér í Reykjavík. Mætti hraða framkvæmdum, ef hér verður örtröð báta í höfninni. Þjóðviljinn vill benda á, að brýn nauðsyn er að koma upp aðstöðu fyrir Eyjasjómenn úti á Granda, — til dæmis útvega þeim skemmur fyrir veifarferi bátanna. — g.m.

Opna

Framhald af bls. 9. með framlæislu- og atvinnufyrirtækjum, brunaliðið, Hjalparsvetit skáta, Þjórgunarfélagið, lögreglan og líb almanna- og bæjarstjórnir og starfsmenn hennar, vísindamenn og nauðsynlegt þjónustulið. Hef ég látið skrá mig til aðstoðarstarfa undir síðast nefnda lönum, á að hjálpa kökkunum við þvo upp.

Gosið hefur verið álika mikið í nótt og morgun og það var í gærkvöldi, og talsvert vikuregn öðru hvoru. Tveir nýir gegir hafa myndazt, annar sunnan við aðalgiðinn nú rétt fyrir hádegið og svo annar kl. 12.45 norðan hans, svo að opið á sprungunni hefur lengt talsvert aftur, eins og Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur lýsti því. Hraunið rennur enn eftir sama farveg til sjávar, þó rennur einnig smá straumur til vesturs út frá aðalstraumnum.

Með hjálma á höfði
Enginn gígur hefur opnazt á túninu hjá Búastöðum eins og menn óttudust í gær, en þar tók að rjúka, — en þar mun hafa verið um brennisteinsútfellingar og gas að ræða, að sögn jarðfræðinga. Samkvæmt tilmælum almanna- varnaráðs er nú engum heimilt að fara austur fyrir Helgafellsbraut eða Heimagötu án þess að hafa hjálma á höfði. Höfnin og vatnsleiðslan eru ennþá í lagi, en nokkuð af vikri hefur lagzt á vatnsleiðsluna, en vikurinn er sem kunnugt er svo léttur, að það kemur ekki að sök.

Skipin Hofsjökull og Írafoss, sem hér hafa lestað fisk, eru nú bæði farin. Tók Hofsjökull allan frystan fisk, sem hér var í húsunum og var það fullfermi, en Írafoss tók allan fullverkaðan saltfisk.

600 bílar komnir um borð í skip
Vilborg Harðard sagði okkur helztu tífinni af flutningum milli lands og Eyja í gærkvöldi. Dettifoss, sem er hér í höfninni, fer um miðnættið með um 200 bíla og nokkuð af húsgögnum sem flutt verða í gámum. Reiknað er með að þá sé buið að flytja um 600 bíla til lands. Á morgun kemur Laxfoss og mun hann flytja húsgögn í gámum. Vörubílar og jeppar hafa verið kyrrsettir til þjörgunarstarfa. Mjög strangt eftirlit er með því hverjir koma hér í land, en erfitt er að hafa eftirlit með þeim sem koma með bátum, þannig að ekki er fullkomnið yfirlit yfir hvað hefur verið sótt af bilum, húsgögnum og slíku, en þó er hægt að fara nokkuð nærri um það.

11 bandarískir jarðfræðingar á leið til Eyja?
Frétt hefur að 11 bandarískir jarðfræðingar séu á leið hingað í öleyfi með bát, en þeim hefi verið itnað um landvistarleyfi af yfirvöldum.

Buið er að flytja mikið af veifarferum, en ekki er vitað nákvæmlega hvað mikið þar sem nokkrir bátar hafa tekið veifarferi án þess að tilkykna það. Guðmundur Karlsson hjá Vinnslustöðinni sagði að nú væru eftir 40—60 tonn af saltfiski, halfblautum, sem var í þurrkhúsi austanvert á eyjunni. Þessar birgðir verða fluttar í Vinnslustöðina sem stendur við höfnina vegna hættu á skemmdum. Í dag voru fluttar héðan 115 kindur í fjórum ferðum með flugvélu frá hernum. Attu vélarnar að lenda á Hellu, en gátu það ekki og lentu á Keflavíkurflugvelli í staðinn. Þaðan verða kindurnar fluttar að Ketilshúsahaga á Rangárvöllum. Í Eyjum eru samtals 480 kindur og verður flutningur haldið áfram á morgun. Þá er verið að undirbúa flutning á hænsum er munu fara með næstu ferð Heklu, ymist lifandi eða aflífuð.

Sisendur

Framhald af bls. 16. heildarkerfi Landsmans ef byggðin í Eyjum færi undir hraun? Hefði það veruleg áhrif á simakerfið í landi? — Það hefði þá helzt áhrif á strandstöðvarnar, en ekki kannski á almenna kerfið, nema þá að hraun færi yfir allt og þá einnig strenginn við útlönd. Það yrði að sjálfsgöðu reynt að bjarga sæsímanum ef í þá veruna stefndi að allt færi á kaf, en eins og ég sagði áðan þá er ekkert akveðið í þeim efnum, og heldur ekki hvert við ferum með strengina. —úþ

Fjárframlög

Framhald af bls. 1 fram á að þau skipi hvert um sig einn mann í nefndina. 2) Bæjarsjóður leggur fram 200 þúsund krónur í söfnunina. Auk þess skal hann greiða þann kostnað, sem af söfnuninni leiðir, svo sem prentun og auglýsingar ef til kemur, en þess er vænt að söfnunarstarfið verði unnið af sjálfboðaliðum. 3) Bæjarstjórn væntir þess að fiskakaupendur og vinnuveitendur í bænum greiði svo sem framast er unnt fyrir fisklöndunum Vestmannaeyjabáta sem hingað kunna að leita, og gefi Vestmannaeyingum kost á vinnu eftir því sem framast er unnt. 4) Bæjarstjórn væntir þess einnig, að þeir huseigendur sem aðstöðu hafa til, láti Vestmannaeyingum sem hingað kunna að koma húsnæði í té. 5) Loks mælist bæjarstjórnin til þess að bæjarbúar leggi fram til styrktar Vestmannaeyingum ein daglaun hið minnsta. Þessir liðir allir voru samþykktir samhljóða. —úþ

Loðnuafli glæðist

Um 20 loðnubátar eru komnir á löndunni út af Austfjörðum, en lönguöngur eru nú komnar suður undan Hvalbak eða Glettingi.

Í gær landaði Asgeir 300 tonn — á Seyðisfirði og þá lönduðu átta bátar löbdu á Neskaupstað — samtals 1650 tonn.

FJÓRDUNGSSJÚKRAHUSIÐ NESKAUPSTAÐ

Hjúkrunarkonu

vantar að Fjórðungssjúkrahúsínu Neskaupstað. Húsnæði fyrirleggjandi. Barnaheimili rekið á vegum sjúkrahússins. Nánari upplýsingar hjá yfirhjúkrunarkonu sími: 7493.


ATVINNA

Járniðnaðarmenn og laghentir aðstoðarmenn óskast nú þegar.

Upplýsingar hjá yfirverkstjóra.

HÉÐINN

Sími 24260.



MARIA LLERENA

sens-kúbönsk söngkona, syngur afriksk-kúbanska þjóðsöngva í fundarsal Norræna hússins kl. 16. 00 laugardaginn 27. janúar. Sem bakgrunnur við söngvana verða sýndar skuggamyndir af myndum, sem hún hefur sjálf málað. Kynnir verður mannfræðingurinn Tore Hakásson frá Svíþjóð.

TORE HAKÁSSON

heldur fyrirlestur með tóndæmum í samvinnu við þjóðfélagsfræðideild háskólans í fundarsal Norræna hússins, mánudaginn 30. janúar kl. 15.00. Fyrirlesturinn verður haldinn á ensku og fjallar um það, á hvern hátt hinir svörtu þrælur hafa haft áhrif á þróun tónlistar og dansa í Norður- og Suður-Ameríku. Honum til aðstoðar verður Maria Llerena.

NORRÆNA HÚSIÐ

Almennar upplýsingar um læknaþjónustu borgarinnar eru gefnar í símsvara Læknafélags Reykjavíkur, sími 18888.



Helgar-kvöld- og næturþjónusta lyfjabúðanna í Reykjavík vikuna 26. janúar til 1. febrúar er í Háaleitis Apóteki og Apóteki Austurbæjar.

Slysavörðstofa Borgarspítalans er opin allan sólarhringinn. Kvöld-, nætur- og helgibúðavakt á heilsværnarstöðinni. Sími 21230.



Vikursallinn hefur lagzt yfir allt bæjarsamfélag Eyjanna síðustu sólarhringana. Svartir skaffar færa mannvirki miskunnarlaust í kaf — myndin sýnir glöggst hversu stöðvar er komið á Heimaey. Myndina tók Vilborg í gær.

Harðir bardagar í S-Vietnam

Harðir bardagar eru nú í Indókína eins og spáð hafði verið. Bandarískar sprengjuþotur gerðu miklar loftárásir í nágrenni Saigon og í miðhluta Suður-Vietnam. Vörpuðu þær alls eitt þúsund lestum af sprengjum.

Suður-Vietnamar hófu mikla sókn í skjóli loftárásanna en sveitir ÞFF stöðvubú sóknina í dag. Þá gerði ÞFF eldflaugaárásir á flugvöllina í Da Nang og Bien Hoa.

Síðastliðinn sólarhring bárust tilkynningar um 112 árekstra um allt Suður-Vietnam. Voru hörðustu átök rétt sunnan vopnlausra svæðisins á mörkum landshlutanna.

Utánríkisráðherrar stjórnanna fjögurra, sem aðild eiga að stríðinu, eru komnir til Parísar til að undirrita vopnahléssamkomulagið. Það verður undirritað á morgun og tekur gildi aðfarandóttunnudags.

Þegar vopnahléið er orðin staðreynd munu herforingjar ÞFF, Norður-Vietnam, Bandaríkjanna og Suður-Vietnam mætast í Saigon til undirbúnings starfi því sem samkomulagið greinir um.

Ólíklegt að sjónvarpið fái sísendi í Eyjum Óákveðið enn hvort símastrengirnir til útlanda verða færðir

Sásimastrengirnir frá Evrópu og Ameríku koma upp við Vestmannaeyjar, og hefur verið talað um að flytja þá á öruggari stað ef fram heldur sem horfir með gosið í Eyjum.

Þjóðviljinn spurði Braga Kristjánsson hjá Pósti og síma eftir því í gær á hvaða stigi þetta mál væri.

— Það er ekki búð að taka neina ákvörðun um það, sagði Braga, hvort strengirnir verði fluttir eða ekki. Hins vegar höfum við gát á öllu, og kapal-

skip er við Eyjarnar tilbúið til að framkvæma þær ákvarðanir sem teknar verða.

— Einhverjar fréttir hafa borizt af því að sásimastætti að reyna að setja upp einhvers konar sísendi fyrir sjónvarpið í Eyjum, sem tæki myndir af gosinu og sendi til lands án návistar manna. Er eitthvað hæft í þessu?

— Ég skil varla, að það sé hægt, það er ólíklegt. Hins vegar hafa þeir verið að tala um þetta hjá sjónvarpinu, en ég tel útilokað að það verði gert.

— Hvaða áhrif hefur það á Frh. á bis. 15

Sölunefnd gróðahyggju

Það eru lítil takmörk fyrir því hvað gróðahyggjan getur gerzt ósmekklek.

Í auglýsingatíma útvarpsins hefur mátt heyra auglýsingu frá Sölunefnd varnarliðseigna þess efnis að Vestmannaeyingar og aðrir, sem til Eyja þyrftu að fara, getu fengið ódýra uppgjafahjálma af dátum hjá nefndinni.

Þetta þótti þó ekki nóg; Veglausum Eyjabúum var bent á að Sölunefndin hefði fyrirleggjandi dýnur og járnúrð á hagstæðu verði!

Þeir eru rismiklir kapparnir í kringum hermangið. —úþ

FYRSTA LOÐNAN TIL NORÐFJARÐAR

Magnús NK kom með fyrstu loðnuna til Norðfjarðar á fimmtudaginn, 50 tonn.

Í gær streymdu loðnubátarnir til Norðfjarðar, og voru um 2000 tonn komin á land þar af loðnu í gær. Súlan frá Akureyri var aflahæst með 400 tonn.

Nýtt loðnuskip þeirra Norðfirðinga Bórkur, lagði af stað frá Noregi í gær, og að sögn Ragnars Sigurðssonar, mun hann geta farið á loðnuveðar svo til strax og hann kemur heim.

Togari þeirra Norðfirðinga, sem er á heimleið frá Japan, var í fyrradag staddur á Hawai, og hafði ferðin til þessa gengið að óskum. — úþ

ALÞYÐUBANDALAGIÐ

Alþýðubandalagið

Sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og þingflokks Alþýðubandalagsins verður haldinn mánudaginn 29. janúar klukkan 5 síðdegis að Grettisgötu 3.

Kópavogsbúar:

Opið hús í Þinghól á mánudagskvöld kl. 20.30 Til umræðu verða samskipti sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Gestir fundarins verða:

Sigurður Grétar Guðmundsson bæjarráðsmaður
Sigurjón Pétursson borgarráðsmaður Reykjavíkur
Hallgrímur Sæmundsson hreppsnefndarm. Garðahrepps
Jón Ingi Sigursteinsson Hafnarfirði.

Auk þess verða sagðar nýjustu fréttir af bæjarmálum í Kópavogi. Frjálslegar umræður og kaffiveitingar.

Bæjarmálaráð H-listans og Alþýðubandalagið.

Árshátíð AB í Kópavogi

Árshátíð Alþýðubandalagsins í Kópavogi verður haldin laugardaginn 3. febrúar og hefst kl. 19.30. Þorramatur á boðstólum. — Góð skemmtiatriði. — Hljómsvæltin „Trío 72“ leikur fyrir dansi.

Upplýsingar og miðpantanir í síma 40853, 41279 og 41794.

AB Kópavogi.



Starfsfólk sjúkrahússins í Eyjum á fundi

Fundur starfsfólks Sjúkrahúss Vestmannaeyja var haldinn í Domus Medica í gær. Enn er ekki vitað hvað gert verður við sjúklingana og þar af leiðandi ekki hvert starfsfólkib verður sent. Að því er Óli Kr. Guðmundsson sagði standa vonir til að uppskrubarsjúklingar verði fluttir á Landsspítalann en lylæknissjúklingar í Grensásútbú Borgarspítalans.